

2006 nr. 95 13. júní**[Lög um skógrækt á lögbýlum]¹⁾**¹⁾ L. 60/2016, 12. gr.

Tóku gildi 30. júní 2006. *Breytt með* l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 60/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016 nema 2. og 11. gr. sem tóku gildi 22. júní 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Tilgangur og markmið.

□ Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjöl-nytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf skal Skógræktin eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum. Í hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan við 400 m yfir sjávarmáli.¹⁾

¹⁾ L. 60/2016, 3. gr.**■ 2. gr. Skilgreiningar.**

□ Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Fjölnytjaskógrækt.* Ræktun skógar að teknu tilliti til fjölpættis efnahagslegs, félagslegs og náttúrufarslegs hlutverks skógarins.

Meginmarkmið fjölnytjaskógræktar er tvenns konar, nytjaskógrækt og landbótaskógrækt.

2. *Nytjaskógrækt.* Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framléiða viðarafurðir til iðnaðarnota.

3. *Landbótaskógrækt.* Ræktun skógar á illa förnú eða eyddu landi með það að meginmarkmiði að auka gróðurþekju, bæta jarðveg og vatnsbúskap og auka þannig gildi landsins til margvíslegra nytja.

4. *Skjólbelti.* Raðir eða þyrping trjáa og runna sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfænaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði eða sem undanfari skógræktar á bersvæði.

■ 3. gr. [Skógrækt á lögbýlum.

□ Skógræktinni er heimilt eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni að veita fé til skógræktar á lögbýlum.¹⁾

¹⁾ L. 60/2016, 4. gr.**■ 4. gr. Landshlutaáætlunir.**

□ [Skógræktin skal vinna sérstaka áætlun vegna skógræktar á lögbýlum fyrir hvern landshluta.]¹⁾ Áætlunin skal ná yfir 40 ár og taka mið af bæði skógræktarlegum og hagrænum forsendum. Áætlunina, eða einstaka þætti hennar, skal endurskoða á 10 ára fresti, eða oftar ef ljóst er að forsendur áætlunar bresta, og leiðréttá ef afgerandi frávik verða.

□ Landshlutaáætlun skal taka mið af þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur ætlað [til skógræktar á lögbýlum]¹⁾ í sérstakri þingsályktun þar um sem [ráðherra]²⁾ leggur fram og ná skal til 10 ára í senn.

¹⁾ L. 60/2016, 5. gr. ²⁾ L. 126/2011, 435. gr.**■ 5. gr. [Samráð.**

□ Skógræktin skal hafa samráð við félag skógarbænda á viðkomandi svæði varðandi áherslur og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og skal fundað í þeim tilgangi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykktar kostnaðar.]¹⁾

¹⁾ L. 60/2016, 6. gr.**■ 6. gr. Samningar.**

□ [Skógræktin]¹⁾ skal gera samning um þátttöku í skógræktarverkefni við hvern skógarbónda sem fær framlag sam-

kvæmt ákvæðum þessara laga. Samningur skal taka mið af gildandi landshlutaáætlun hverju sinni, sbr. 4. gr., og skal þar tekið fram hvers konar fjölnytjaskógrækt og/eða skjólbeltarækt stefnt er að.

□ Samningurinn skal hið minnsta vera til 40 ára og vera á formi sem [ráðherra]²⁾ hefur staðfest, að fengnu álitum [Skógræktarinnar]¹⁾ og Landssamtaka skógareigenda.

□ Ef annar en landeigandi, eða eftir atvikum annar en rétt-hafi, undirritar samning um skógræktarverkefni skal landeigandi samþykkja hann með áritun sinni. Samningnum skal þinglýst á þá fasteign sem hann tekur til.

¹⁾ L. 60/2016, 7. gr. ²⁾ L. 126/2011, 435. gr.**■ 7. gr. Uppsögn samnings og endurgreiðsla framlaga.**

□ Óski skógarbónda eða landeigandi eftir því að losa land sitt undan kvöðum samkvæmt samningi um þátttöku í skógræktarverkefni áður en samningstíma er lokið skal hann endurgreiða framlög ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu neysliverðs. Endurgreiðslufjárhæðin lækkar hlutfallslega út samningstímamann og fyrnist um 2,5% á almanaksári, hafi samningur verið virkur í a.m.k. 10 ár, og fellur skuldin niður eftir 40 ár. Framlög sem veitt eru síðustu 10 ár fyrir uppsögn fyrnast þó ekki.

□ Óski [Skógræktin]¹⁾ eftir því að losna undan skuldbindingum samnings um þátttöku í skógræktarverkefni skal skógarbónda og landeiganda tilkynnt um það með sannanlegum hætti. Uppsögn samkvæmt þessari málsgrein skal tilkynnt fyrir 1. október og tekur gildi frá og með næstu áramótum. Ekki skal endurgreiða samningsbundin framlög vegna uppsagnar samkvæmt þessari málsgrein. Eftir að samningur um þátttöku fellur niður gilda ákvæði skógræktarlaga um skógin að öðru leyti.

¹⁾ L. 60/2016, 8. gr.**■ 8. gr. Um samningsbrot.**

□ Skýri þátttakandi rangt frá staðreyndum sem máli skipta við skógræktarverkefni á samningslandi eða vanefni að öðru leyti skyldur sínar ítrekað eða í veigamiklum atriðum er [Skógræktinni]¹⁾ heimilt að rifta samningi og endurheimta framlög.

□ Áður en [Skógræktin]¹⁾ tekur ákvörðun skv. 1. mgr. skal skógarbónda, og landeiganda, sé hann annar, með sannanlegum hætti gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Ákvörðun [Skógræktarinnar]¹⁾ skal rökstudd og má skjóta henni til [ráðherra]²⁾ innan 30 daga frá því að hún var kynnt hlutaðeigandi. Kæra frestar því að ákvörðun verði virk.

¹⁾ L. 60/2016, 8. gr. ²⁾ L. 126/2011, 435. gr.**■ 9. gr. Þátttaka í kostnaði.**

□ [Þátttaka ríkissjóðs í skógrækt á lögbýlum greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir Skógræktina.

□ Skógræktin greiðir undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun starfsmanna. Enn fremur greiðir Skógræktin allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt.]¹⁾

¹⁾ L. 60/2016, 9. gr.**■ 10. gr. . . .¹⁾**¹⁾ L. 60/2016, 10. gr.**■ 11. gr. Reglugerð og almenn lagaákvæði.**

□ Að öðru leyti en greinin í lögum þessum fer um ræktun og meðferð skóga sem ræktaðir eru fyrir tilstuðlan landshluta-verkefna í skógrækt samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

¹⁾ L. 126/2011, 435. gr. ²⁾ Rg. 285/2015.

■ **12. gr. Gildistaka og brottfall eldri laga.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . . Skógræktarsamningar sem gerðir voru með stoð í [lögum um Héraðsskóga, nr. 32/1991, lögum um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, og lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999] halda gildi sínu. Ákvæði laga þessara gilda um eldri skógræktarsamninga eftir gildistöku þeirra, eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Stjórnir núverandi skógræktarverkefna halda umboði sínu þar til ný stjórn hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum

laga þessara. Skógræktarverkefni samkvæmt lögum þessum taka við réttindum og skyldum eldri skógræktarverkefna.

■ **II.** Skógræktin tekur við eignum, réttindum og skyldum landshlutaverkefna í skógrækt frá og með 1. júlí 2016. Skógræktin skal jafnframt taka yfir alla ráðningarsamninga starfsmanna hjá landshlutaverkefnum í skógrækt.

□ Starfsmenn kunna þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi eða starfsstigi í samræmi við nýtt skipurit og starfslýsingu. Að öðru leyti fer um réttindi starfsmanna vegna skipulagsbreytinganna eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eða eftir atvikum ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrir-tækjum, nr. 72/2002.]¹⁾

¹⁾ L. 60/2016, 11. gr.